

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 8/2012****2012/EES/34/08****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/22/ESB frá 15. mars 2010 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á tilskipunum ráðsins 80/720/EBE, 86/298/EBE, 86/415/EBE og 87/402/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB og 2003/37/EB um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/52/ESB frá 11. ágúst 2010 um breytingu, að því er varðar aðlögun tæknilegra ákvæða, á tilskipun ráðsins 76/763/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi farþegasæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði II. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 76/763/EBE):  
„– **32010 L 0052**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/52/ESB frá 11. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 213, 13.8.2010, bls. 37).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 80/720/EBE), 20. lið (tilskipun ráðsins 86/298/EBE), 21. lið (tilskipun ráðsins 86/415/EBE), 22. lið (tilskipun ráðsins 87/402/EBE), 28. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB) og 29. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB):  
„– **32010 L 0022**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/22/ESB frá 15. mars 2010 (Stjtið. ESB L 91, 10.4.2010, bls. 1).“
3. Eftirfarandi bætist við í 23. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 L 0052**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/52/ESB frá 11. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 213, 13.8.2010, bls. 37).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipana 2010/22/ESB og 2010/52/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 91, 10.4.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 213, 13.8.2010, bls. 37.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.